

Áróður kvenfrelsara síðustu áratuginu um árátu karla til að beita stúlkur/konur kynferðisofbeldi hefur stuðlað ákveðið að breytingum í samskiptum kynjanna. Karlar hafa orðið logandi hræddir við að sýna börnum sínum ástúð og konum vinsemd með faðmlagi eða stroku. Samtímis hafa (manngerðarþroskaskertar) konur gengið á lagið og ákært karla með ýmsu móti fyrir kynferðislega áreitni eða andlegt ofbeldi. Karlmennt í heilbrigðisþjónustu og í uppeldisstofnunum hafa þurft að vera sérstaklega á varðbergi. Og feður vitaskuld. Það er misjafn sauður í mörgu fé. Því miður á sér stað vond kynhegðun gagnvart börnum – af beggja kynja hálfu – en körlum er yfirleitt annt um konurnar í lífi sínu. Svo meinlegur er þessi áróður kvenfrelsara, að ráðgjafar á þeirra vegum kenna í skólum, að feðrum ætti ekki að leyfast að skipta á stúlkubörnum sínum, þegar frumberska er liðin. Á dönskum leikskólum hefur þessi áróður skotið rótum með þeim hætti t.d., að karlar eru þar litnir hornauga og verða að sanna sakleysi sitt. Þess gerist ekki þörf með konur, enda þótt það ætti að vera alkunna, að þær geta meitt börn. Staðan á íslenskum leikskólum var skoðuð: „Tengslin milli fordóma í samfélaginu og viðhorfa til karla sem starfa sem leiksólakennarar eru sérstaklega til skoðunar í viðtalsrannsókn Önnu Elísu Hreiðarsdóttur (2006) á körlum sem starfa sem leikskólakennarar. Anna spyr hvort þröskuldar séu til staðar í námi og starfi leikskólakennara sem karlar hnjóti fremur um en konur. Eins spyr hún hvort viðhorf og gildi samfélagsins hafi áhrif á vilja þeirra til að starfa sem leikskólakennarar. Niðurstöður benda til að kjaramál skipti miklu en vinnuumhverfið með tilheyrandi kvenlægum gildum hafi líka áhrif á viðhorf karla. Þá sýna niðurstöður viðtala við viðmælendur í rannsókninni að karlar finna fyrir því að starf þeirra sé lítils metið. Þeir fá tvíbent skilaboð, annars vegar um að það sé gott að hafa karlfyrirmyndir í skólunum en hins vegar er gefið í skyn að þeir ættu vera í starfi sem hentaði kyni þeirra betur og að starf karla með börnum veki grunsemdir um misnotkun.“ (Anna Elísa Hreiðarsdóttir (2006). *Fólk heldur að við séum fleiri: Viðtalsrannsókn við íslenska karlleikskólakennara*. Óbirt M.Ed-ritgerð: Háskólinn á akureyri, Kennaradeild – framhaldsbraut. Karlar og jafnrétti: Skýrsla og tillögur um aukinn hlut karla í jafnréttismálum. Apríl 2013, Velferðarráðuneytið.)